

Kennari	Anke-María Steinke	Sk.st.	AMS
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið texta um kunnugleg efni. Við þessa þjálfun í lesskilningi eru fléttaðar æfingar í samskiptapáttunum tali, hlustun og ritun, allt með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við ákveðnar aðstæður. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning þýskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og er nemendum kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náíð
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið



Námsgögn:

lesbók

Netzwerk A1
München: Langenscheidt 2012
ISBN 978-3-468-46800-1

vinnubók

Netzwerk A1
München: Langenscheidt 2013

Áætlun um yfirferð:

Náminu er skipt niður í 12(+1) vikur. Í hverri viku þarf að sinna heimaverkefnum í KB (lesbók) og AB (vinnubók). Jafnframt þarf að leysa tilskilin Moodle verkefni til að öðlast próftökurétt og vetrareinkunn.

Gert er ráð fyrir að nemandinn klári hvern vikupakka innan 7 daga. Fyrir fyrsta vikupakkann eru áætlaðar tvær vikur, þar sem nemandinn þarf hugsanlega lengra tíma til að útvega sér námsgögnin og kynna sér námið. Sömuleiðis eru verkefnin opin í lengra tíma yfir páskafríið.

Til að skapa svigrúm vegna hugsanlegra veikinda eða fjarveru nemanda eru öll verkefni höfð opin í hálfan mánuð, þ.e.a.s. 7 dagar fram yfir ætlaðan skiladag.

Ath. að lengri frestur en svo er ekki veittur.

Opnun og lokun skilaverkefna kemur skýrt fram á Moodle.

ÞÝSK1RL05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3,4	Kafli 1	Kynna sér efni og skipulag áfangans sbr. Námsleiðbeiningar: „Námsgögnin og námið“ og Wortschatz: Unterrichtssprache Lesna námsefni fyrsta verkefnis: Námsleiðbeiningar , Woche 1, Kapitel 1	Skilaverkefni 1 2,5%
Vika 5	Kafli 1	Námsleiðbeiningar , Woche 2, Kapitel 1 Wortschatz , Kapitel 1	Skilaverkefni 2 2,5%
Vika 6	Kafli 2	Námsleiðbeiningar , Woche 3, Kapitel 2	Skilaverkefni 3 2,5%
Vika 7	Kafli 2	Námsleiðbeiningar , Woche 4, Kapitel 2 Wortschatz , Kapitel 2	Skilaverkefni 4 2,5%
Vika 8	Kafli 3	Námsleiðbeiningar , Woche 5, Kapitel 3	Skilaverkefni 5 2,5%
Vika 9	Kafli 3	Námsleiðbeiningar , Woche 6, Kapitel 3 Wortschatz , Kapitel 3	Skilaverkefni 6 2,5%
Vika 10	Plattform 1	Námsleiðbeiningar , Woche 7, Plattform 1	Skilaverkefni 7 2,5%
Vika 11	Kafli 4	Námsleiðbeiningar , Woche 8, Kapitel 4	Skilaverkefni 8 2,5%
Vika 12	Kafli 4	Námsleiðbeiningar , Woche 9, Kapitel 4 Wortschatz , Kapitel 4	Skilaverkefni 9 2,5%
Vika 13	Kafli 5	Námsleiðbeiningar , Woche 10, Kapitel 5	Skilaverkefni 10 2,5%
Vika 14	Kafli 5	Námsleiðbeiningar , Woche 11, Kapitel 5	Skilaverkefni 11 2,5%
Vika 16	Kafli 5	Námsleiðbeiningar , Woche 12, Kapitel 5 Wortschatz , Kapitel 5	Skilaverkefni 12 2,5%
Vika 18	Upprifjun	<u>M.a.</u> Námsleiðbeiningar : Prüfung; Wortschatz : Kapitel 1-5	

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skilaverkefni á Moodle	12 skilaverkefnispakkar sem samanstanda af mismunandi verkefnum úr köflunum náms- og léttlestrarbókar.	30%	
Lokapróf - tekið án orðabóka	Skriflegt lokapróf úr efni annar. Til þess að skilaverkefni teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná amk. 40 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.	70%	
	Samtals:	100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu (og fyrir skilaverkefni líka á Moodle). Annað: Til þess að öðlast próftökurétt þarf nemandi að hafa skilað amk. 75% skilaverkefna (sbr. mætingarkröfu í dagskóla). Til þess að skilaverkefni teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná amk. 40 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.			

Dagsetning:

14.1.2020

Undirritun kennara

Undirritun bráutarstj., fagstj. eða staðgengils